

**Samkomulag Bændasamtaka Íslands (BÍ) annars vegar og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hins vegar um forsendur röðunar samkvæmt kjarasamningi FÍN og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, dags. 20. júní 2014**

**1. gr.**

**Gildissvið**

Samningur þessi tekur til félagsmanna FÍN sem starfa hjá Bændasamtökum Íslands.

**2. gr.**

**Markmið**

Að launakerfið sé gagnsætt og jafnræðis sé gætt í launakjörum fyrir sambærileg störf.

Að launakerfið stuðli að faglegri þróun, aukinni menntun starfsmanna og uppfylli þarfir samtakanna og starfsmanna fyrir framgang í starfi.

Að koma á kjarabótum á grundvelli aukinnar ábyrgðar, menntunar og afkasta.

**3. gr.**

**Vísiregla**

Raða skal í launaflokka í samningi þessum skv. hlutlægum mælikvörðum. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal hafa fordæmisgildi gagnvart öðrum starfsmönnum svo tryggt sé að þeir njóti jafnræðis.

**4. gr.**

**Grunnröðun í launaflokka**

**Starfsheiti:**

1. Aðstoðarfolk án reynslu, flyst eftir 3 mánuði í starfsheiti 2	8
2. Sérfræðingur með afmarkað verkefni, verkefnaflokk eða verksvið	11
3. Sérfræðingur sem ber sjálfstæða ábyrgð á verkefnaflokkum eða þjónustu Landsráðunautur/verkefnastjóri	14
4. Sviðsstjóri	22

Lýsi ofangreind starfsheiti ekki starfi tiltekinna starfsmanna getur samstarfsnefnd ákveðið aðra grunnröðun enda sé hún studd skriflegum rökum.

Úr samningi FÍN og ríkisins

11.2.1 Samstarfsnefnd hafi m.a. það hlutverk að fjalla um forsendur starfaflokkunar, röðun einstakra starfa í launaflokka og koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af samningi þessum. Eins skal nefndin fjalla um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna og gera/endurskoða stofnanasamning samkvæmt grein 11.1.3. Í sérstökum tilvikum þar sem starfsmaður fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum er gilda um tiltekið starf í viðkomandi ramma er heimilt, með samkomulagi í samstarfsnefnd, að raða honum í efri ramma.

25 EBL 1/26

**5 gr.**

***Álögur ofan á grunnlaun***

Aðilar hafa orðið ásáttir um að meta neðangreinda þætti til hækkunar grunnlauna a.m.k. sem hér segir. Þessi kafli gildir ekki fyrir sviðsstjóra.

**5.1 gr.**

***Álag vegna menntunar***

Menntun umfram B.Sc. sem gefur formlega háskólagráðu skal meta til launa sem hér segir:

B.Sc. Honours 2 launaflokkar

M.Sc. 4 launaflokkar

Ph.D 6 launaflokkar

Þeir sem útskrifaðir eru með kandiðatspróf á meðan enn var gerð krafa um búfræðiþróf eru metnir sem B.Sc.Honours

**5.2 gr.**

***Álag vegna endur- og símenntunar***

Starfsmaður sem bætir við sig námi í formi námskeiða fram yfir formlegrar prófgráður skal fá 1. lfl. hækkun þegar lokið er 60 ECTS eininga viðbótanámi. Tvær námseiningar teljast nám sem talið er ígildi einnar viku í vinnu.

**6. gr.**

***Starfslýsingar og ráðningasamningar***

Við ráðningu starfsmanns skal liggja fyrir starfslýsing og skal ráðningasamningur undirritaður við ráðningu. Starfslýsingar skulu endurskoðaðar árlega eða eftir þörfum. Sjá yfirlýsingu BÍ um starfslýsingar og ráðningasamninga.

**7. gr.**

***Endurmenntun og starfsþróun***

BÍ og starfsmaður skulu meta þörf á endurmenntun og öflun frekari fræðslu hérlendis sem erlendis sem æskilegt er að starfsmaður sækji starfsins vegna.

**8.1. gr.**

***Dagpeningar***

Um dagpeninga gilda reglur ferðakostnaðarnefndar.

**8.2. gr.**

***Aksturssamningar***

Geta skal um aksturssamninga við BÍ í ráðningarsamningi. Samanber yfirlýsingu BÍ um ráðningarsamninga.

**8.3. gr.**

***Símakostnaður***

Geta skal um í ráðningarsamningi hvort starfsmaður eigi rétt á endurgreiðslu símakostnaðar. Sjá yfirlýsingu BÍ um ráðningarsamninga.

## 9. gr.

### *Árangursbundin laun – greiðslur fyrir ritstörf*

Með árangursbundum launum fyrir greinaskrif eru starfsmenn hvattir til að birta faglegt efni í nafni stofnunarinnar. Ekki er um að ræða greiðslur fyrir vinnuframlag. Árangursbundin laun eru eingreiðslur á formi yfirvinnutíma.

#### **Eftirfarandi reglur gilda:**

- Einungis er greitt fyrir faggreinar á sviði viðkomandi starfsmanns.
- Greinarnar skulu birtar í blöðum, tímaritum eða á annan viðurkenndan hátt.
- Krafist er faglegra vinnubragða við frágang. (s.s. að slá upp í fagritum, rannsóknarniðurstöðum eða skýrslum).
- Ekki er greitt fyrir fréttir eða frásagnir af atburðum eða ferðum, nema slíkar greinar uppfylli ofangreind skilyrði.
- Fjölrit sem koma til álita við mat á árangursbundnum launum þurfa að hafa útbreiðslu til flestra er efnið varðar.
- Komi fleiri starfsmenn stofnunarinnar að tilteknu verki skal metinn hlutur hvers og eins.
- Aðeins er greitt einu sinni fyrir hvert verk, óháð því hve oft verkið er birt.

Smærri blaðagrein t.d. ¼ blaðsíðu texti í Bændablaðinu	2 – 3 tímar
Miðlungs blaðagrein t.d. ½ blaðsíðu texti í Bændablaðinu	4 – 5 tímar
Stærri blaðagrein	6 – 8 tímar
Efnismikil ritgerð t.d. ráðunautafundur/vísindagrein/ bókarkafli	10 – 30 tímar

Um þóknanir fyrir umfangsmikil verkefni, sem starfsmaður tekur að sér og eru umfram hans reglubundna verkvið og verður ekki við komið í vinnutíma, skal semja sérstaklega, t.d. námskeiðsefni/kennsluefni og ýmis frumkvöðla- eða þróunarverkefni.

## 9.1. gr.

### *Uppgjör*

Tvisvar á ári (janúar og júlí) skila starfsmenn umsókn um greiðslu fyrir greinaskrif sl. 6 mánuði ásamt ljósritum af greinunum eða skrá yfir ritstörf til sviðsstjóra.

Sviðsstjóri metur hverja grein, samkvæmt ofanrituðu, til greiðslu. Greiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en 3 mánuðum frá skiladegi starfsmanns til sviðsstjóra. Gæta skal jafnræðis þegar árangursbundin laun eru ákvörðuð.

Starfmaður getur vísað mati sviðsstjóra til úrskurðar framkvæmdastjóra og fulltrúa frá FÍN.

## 10. gr.

### *Endurmat starfskjara*

Störf starfsmanna/starfskjör skulu metin einu sinni á ári og þeir þættir endurmetnir sem hafa áhrif á röðun hans í launaflokka og þá með tilliti til þess hvort breyta skal röðun hans til hækkunar og /eða milli starfsheita.

**11. gr.**

***Tímabundin frávik frá verksviði***

Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang eða ábyrgð en gert er ráð fyrir í starfslýsingu skal hann fá hækkun launa meðan á því stendur. Greitt er samkvæmt því umfangi eða ábyrgð sem verkefnið felur í sér og gerður um það sérstakur samningur.

**12. gr.**

***Réttur til endurmats á röðun***

Telji starfsmaður að honum sé ekki raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun endurmetna. Sjá nánar kjarasamning FÍN og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins.

**13. gr.**

***Samstarfsnefnd***

Aðilar eru sammála um að koma á fót samstarfsnefnd milli Bí og FÍN sbr. grein nr. 11.2 í kjarasamningi fjármálaráðherra og FÍN.

**14. gr.**

***Endurskoðun***

Endurskoða má samning þennan ef þörf krefur að mati beggja samstarfsaðila.



**15. gr.**

***Gildistími***

Samningur þessi gildir frá 1. júlí 2014

Reykjavík, 26.03.2015

f.h. Bændasamtaka Íslands,  
með fyrirvara um samþykki stjórnar

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

